

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Silju Daggar Gunnarsdóttur um sóknargjöld.

1. *Hefur ráðherra kynnt sér áfangaskýrslu starfshóps sem var skipaður 2011 til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess ef haldið yrði áfram á þeirri braut? Ef svo er, hvaða afleiðingar telur ráðherra að niðurskurður sóknargjalda hafi?*

Starfshópur sá sem fyrrverandi innanríkisráðherra skipaði til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar skilaði áfangaskýrslu 16. nóvember 2011 og loka-skýrslu 30. apríl 2012. Ráðherra hefur kynnt sér skýrslu starfshópsins og gerir sér grein fyrir því að niðurskurður sóknargjaldanna hefur neikvæð áhrif á starfsemi þeirra sem byggja starfsemi sína á tekjum af sóknargjöldum og dregur ekki í efa þá niðurstöðu starfshópsins að langtímaáhrif svo mikillar skerðingar sóknargjalda geti orðið mjög erfið fyrir starfsemi kirkjunnar.

Rétt er þó að taka fram að ráðherra telur að ekki hafi verið hjá því komist að trúfélög sættu sambærilegri aðhaldskröfu og almennt var lögð á ríkisaðila vegna stöðu ríkissjóðs.

2. *Hyggst ráðherra stuðla að því að sóknargjaldinu verði skilað óskiptu til safnaða landsins, en innheimt sóknargjald í ríkissjóð á hvern einstakling á árinu 2012 var um 277 kr. hærri upphæð en skilað var til safnaða?*

Ráðherra hefur í hyggju að kalla saman starfshóp með þátttöku þjóðkirkjunnar sem fái það verkefni að leggja drög að heildarendurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar í því skyni að einfalda þau, auka sveigjanleika og þar með möguleika þjóðkirkjunnar til að ráðstafa tekjustofnum sínum á þann hátt sem best þykir henta starfsemi hennar. Þá þykir ráðherra brýnt að góð sátt ríki um greiðslu sóknargjalda.

3. *Hver hefur þróun sóknargjalda frá árinu 2006 verið samanborið við hækkun neysluverðsvísitölu á sama tímabili?*

Sóknargjöld á yfirstandandi ári eru 728 kr. á mánuði fyrir hvern greiðanda en voru 719,71 kr. árið 2006. Hækkunin er 11,5%. Á sama tímabili hefur vísitala neysluverðs hækkað um 61,5%.

4. *Er gert ráð fyrir því í yfirstandandi fjárlagagerð að sóknargjald á hvern einstakling verði hækkað?*

Ekki er á þessu stigi unnt að upplýsa um fyrirætlanir í yfirstandandi fjárlagagerð. Þó er rétt að geta þess að í bréfi sem fyrrverandi forsætisráðherra ritaði biskupi Íslands 12. desember 2012 kemur fram að eftir skoðun á vegum ráðuneyta hafi verið lagt til að gerð yrði sú breyting á frumvarpi því sem varð að gildandi fjárlögum að greiða tímabundna 45 millj. kr. viðbót á framlög vegna sókna og trúfélaga. Þessari tímabundnu viðbót sé ætlað að vega á móti skerðingum fyrri ára umfram þær sem verið hafi í rekstrarframlagi til þjóðkirkjunnar. Þá sé einnig ráðgert að greiða viðbótarframlög af sömu ástæðum árin 2014 og 2015, þar af

100 millj. kr. árið 2014. Forsenda þessa sé sú að viðræður hefjist um heildarendurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju. Þær viðræður fóru hins vegar ekki í gang á síðasta kjörtímabili, en líkt og framan greinir er stefnt að því að bæta þar úr.